

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 231/2018

2021/EES/62/10

frá 5. desember 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/828 frá 15. febrúar 2018 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/68 að því er varðar kröfur varðandi læsivarin hemlakerfi, háþrýstiorkugeymslubúnað og einnar leiðslu vökvatengi ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 40b (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/68) í II. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32018 R 0828:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/828 frá 15. febrúar 2018 (Stjtið. ESB L 140, 6.6.2018, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/828, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 140, 6.6.2018, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.